



Reykjavík 29. apríl 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi (tímabundnir gestaflutningar og vanræksluálag), mál nr. 690.**

Hinn 15. apríl sl. barst Samtökum ferðaþjónustunnar – SAF beiðni um umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017 (tímabundnir gestaflutningar og vanræksluálag). Í frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar, annars vegar snúa þær að skilgreiningu á tímabundnum gestaflutningum í farþegaflutningum og hins vegar að skyldu farþega í almenningssamgöngum til að sýna fram á greiðslu fargjalds. Frumvarpið hefur verið yfirfarið á vettvangi SAF og vilja samtökin koma nokkrum athugasemdum og ábendingum á framfæri. Umsögn SAF snýr eingöngu að tímabundnum gestaflutningum í farþegaflutningum.

**Almennt**

SAF fagna því að frumvarp þetta sé nú loksins komið fram enda hefur skort verulega á skilgreiningu gestaflutninga í íslensk lög. Á undanförunum árum hefur ferðaþjónustustarfsemi erlendra fyrirtækja með erlenda starfsmenn hér á landi aukist mikið. Í flestum tilfellum eru erlendir starfsmenn ráðnir af erlenda fyrirtækinu og fá laun sín greidd í heimalandi sínu á talsvert lægri kjörum en lágmarkslaun hér á landi gera ráð fyrir. Þá er starfsemi og búnaður eins og ökutæki tryggð í heimalandi fyrirtækisins og óljóst hvaða tryggingavernd ferðamenn hér á landi hafa gagnvart mögulegum atvikum. Fyrirtæki sem skráð eru hér á landi greiða virðisaukaskatt, launatengd gjöld og önnur opinber gjöld af sinni starfsemi. Þetta umhverfi býður erlendum fyrirtækjum upp á að stunda félagsleg undirboð og bjóða sína þjónustu langt undir því sem íslensku fyrirtækin geta gert.

Gera má ráð fyrir að a.m.k. 100 heilsársstörf erlendra starfsmanna hafi skapast í kringum erlendar hópbifreiðar hér á landi. Af þessu má ráða að hið opinbera verði af allt að 500 milljónum króna árlega, í formi opinberra gjalda vegna þess að ekki eru greiddir skattar af lágum launum erlendra bílstjóra hópbifreiða. Þá er ótalið það fjárhagslega ómetanlega tjón sem ólögleg starfsemi annarra erlendra aðila sem stunda félagsleg undirboð hér á landi hefur.

**Færa ökutæki úr landi eftir 10 daga notkun**

SAF ítreka það sem kom fram í umsögn um frumvarpdrögin í samráðsgátt; að flytjendum verði skylt að láta færa ökutæki úr landi að lokinni tíu daga notkun. Án þeirrar breytingar telja samtökin að frumvarpið nái ekki nógu vel að skila þeim árangri sem aðgerðinni er ætlað. Í samráðskafila frumvarpsins kemur fram að skylda flytjendur til að láta færa ökutæki úr landi að lokinni tíu daga notkun við tímabundna gestaflutninga, gangi gegn meðalhófi og ekki vera nauðsynlegt til að

tilgangi um skilgreiningu á hugtakinu „tímabundnir gestaflutningar“ verði náð. Þó heimildin, eins og boðuð er í frumvarpinu, miði við flytjanda þá telja samtökin að það eigi að krefja flytjenda að færa ökutækið úr landi.

## Eftirlit og eftirfylgni

Þær aðgerðir sem boðaðar eru í fyrirbyggjandi frumvarpi eru skref í rétta átt en eru að mati samtakanna ekki nógu í baráttunni við félagsleg undirboð og erlenda ólöglega starfsemi. Til að ná árangri á þessu sviði þarf að fara í mun harðari og skýrari aðgerðir, ekki aðeins gagnvart ferþegaflutningum heldur þarf einnig að taka til hendinni gagnvart erlendum aðilum með atvinnustarfsemi hér á landi sem starfrækja ökutæki fyrir niu farþega og færri og erlendum leiðsögumönnum sem hér starfa til langs tíma á vegum erlendra fyrirtækja.

Í umsögn sinni í samráðsgátt stjórnvalda um frumvarpsdrögin lögðu samtökin til að farin yrði sama leið og dönsk stjórnvöld hafa gert þar sem lög um útsenda starfsmenn eru tengd inn í þarlend [lög um farþegaflutninga](#). Þannig leggja samtökin til að í fyrirbyggjandi frumvarp verði bætt við ákvæði um að aðilum sem stunda gestaflutninga hér á landi verði gert skylt að framvísa samningum eða sameiginlegri yfirlýsingu við íslensk stéttarfélög eða samtök atvinnurekenda um að laun séu greidd í samræmi við íslenska kjarasamninga og að sambærilegt ákvæði verði sett í lög um útsenda starfsmenn sem tryggir að aðilar sem stunda gestaflutninga falli undir lög.

Tillaga SAF að viðbót við lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi:

- Við 2. grein frumvarpsins og 11 gr. b bætist ný mgr. á eftir 1. mgr; *Aðilum sem stunda gestaflutninga er skylt að framvísa staðfestingu á samning við íslensk stéttarfélög eða staðfestingu frá íslenskum vinnuveitendasamtökum um að laun starfsmanna séu í samræmi við íslenska kjarasamninga.*
- Lög um útsenda starfsmenn nr. 45/2007 verði breytt þannig að við 1. gr. 1 mgr. bætist eftirfarandi liður: *d. á vegum fyrirtækis sem stundar gestaflutninga á Íslandi.*

Samtökin leggja áherslu á að stjórnvöld jafni samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem skapa störf hér á landi og greiða opinber gjöld, t.d. skatta hér á landi, fyrr en síðar.

Samtökin fara einnig fram á að eftirlit með erlendum flutningsaðilum verði eftir til muna með skýrri og ítarlegri reglugerð og það þurfi svo að fylgja eftirlit með boðum texta. Texti um eftirlit er ekkert nema með aðgerðum. Stjórnvöld eiga mikið undir í fjármunum með félagslegu undirboði erlendra fyrirtækja hér á landi.

*Virðingarfyllst*

*F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar*



*Baldur Sigmundsson, lögfræðingur*



*Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri*